

Bítlarnir höfðu áhrif á suma framleiðslu.

Konráð Rúnar Friðfinnsson tók saman.

Myndir eru ekki hans eign.

Texti: KRF. Nema þar sem annað er tilgreint.



Höfundur giskar á að myndin af The Beatles sé frá upphafi ferils þeirra. Með þeim og umstanginu í kringum þá gerðist margt sem víst er að hraðaði umbótum á allskonar tækjum sem komin voru en sumpart frumstæð smíð. Umbæturnar á tækjabúnaðinum gerði fólki kleyft að hlýða á fagra tóna og söngva af hljómplötum og njóta verskins betur af bættum hljómgæðum framleiðanda. Fyrir þessu var markaðurinn galopin vegna aukningar í hljómplötuútgáfunni og fjölda nýrra hljómsveita sem til urðu í kjölfar Bítlanna víða um heim sem gáfu út eigin hljómplötu. Að þetta hafi gerst verður seint þrætt fyrir. Enda tenging á milli aukningar í hljómplötusölu og sölu hljómtækja.

Þegar Bítlarnir komu fram og menn byrjaðir að veita þeim athygli er margt í þessum heimi í öðrum farvegi en við í dag þekkjum. Ekki er samt svo að skilja að meðlimir hljómsveitarinnar hafi uppgötvað allt þetta og eigi heiðurinn að öllu sem

í kjölfarið kom heldur voru þeir aflið sem til þurfti til að viss atburðarrás gerðist sem kom öðru af stað. Og það ýtti hressilega við framleiðendum hljómtækja sem tóku sér taki og hófu endurbætur sinnar framleiðslu. Bættur og betri hljómur úr tækinu heima í stofu einfaldlega hafði sín áhrif til söluaukningar og orsökina fyrir að út í betrubætur þessar var farið. Áhuginn var kominn og kom með bylgjunni sem The Beatles kveiktu og birtist fólki í gríðarlegri framleiðslu og sölu hljómplatna í löndunum.


Bítlæðið olli hvata hjá fólki til að eignast plöturnar en gat ekki með neinum góðum hætti gert fylgdu græjurnar ekki með. Því er alveg ljóst að margir voru þeir sem græddu á Bítlæðinu og fleiri en fjórmeningarnir frá Liverpool.

Atgangurinn sem orðin er getur auðvitað ekki farið framhjá aðilunum sem málið snertir og framleiðendum hljómtækjanna sem gefur fólki færi á að hlusta á upptökur og framleiðslu hljóðveranna sem tónlistarfólkið kom við í til að hljóðrita sitt efni sem hljómplötupressurnar næst taka við og pressa umbeðin eintök sem á eftir fóru í umslög og þaðan beint inn í hljómplötuverslanirnar sem margmenni beið eftir þar innandyra til að heyra með eigin eyrum útkomuna heima eða vinum og kunningjum.

Þegar kassarnir komu varð uppi fótur og fit og engin tími vannst til að koma þeim fyrir í rekkum og hillum heldur skiptu þær um hendur beint upp úr kassa og allur lagerinn keyptur upp á augabragði. Þessu var brugðist við með því að panta meira til að fá selt plötunni meira. Sem líka gekk eftir. Slík var eftirspurnin. Fremstir meðal jafningja var hljómsveit að nafni The Beatles sem átti flest hjörtu sem komu við inn í þessum plötubúðum. Allt gerðist þetta furðu fljótt og ljóst einhverjum aðila lá mikið á að ná öllu upp í topp og að komast upp á topp. Því var betra til að þetta gæti gerst að hnýta áður alla enda til að hámarksnýting yrði

og drifi allan hringinn. Og þar voru framleiðendur hljómtækja inni. Enda partur af öllu því prógrammi.

Þar sem engin var til plötuspilarinn á heimili plötukaupenda komu ungliðarnir sér fyrir hjá fólki, vinum, sem slíku var til að dreifa hjá. Og þar hlustaði hópurinn saman á afurðina sem plötuspilarinn endurómaði um hópinn. Og átti fólkið ekki til orð til að lýsa hrifningu sinni á því sem það heyrði. Þetta vitaskuld fréttu aðilarnir sem voru á hinum endanum og hljómtækjaframleiðendurnir sem orðin voru ein augu og eyru og fullkomlega eðlilegt að gerðist og settu aukin kraft í gerð plötuspilaranna vitandi þann sannleika a til að hlusta á "Vinilinn" þurfti sérstakt tæki. Skortur varð á plötuspilurum vegna gríðarlegs áhuga og mikils fjölgun fólks sem nú vildi hlusta. Allt kviknaði þetta með frægu Bítlaæði. Á þessum árum vantaði talsvert á að plötuspilari væri tiltækur inn á hverju heimili, hvort sem var í Englandi eða hér uppi á litla Íslandi lengst norður í höfum að framleiðendum varð fljótt ljóst að þarna væri gap sem þeir einir gætu fyllt.



Mynd til vinstri. Auglýsing í erlendu blaði sem minnr fólk á það þurfi sjálft að eiga heima hjá sér réttu tækin til að fá hlustað á efni það sem tónlistarfólkið áður hafði unnið og gengið frá í hljóðveri og verslunin fékk til sín sem hljómplötu eftir að hafa áður farið í sitt nauðsynlega ferli.

Að koma plötuspilaranum áfram var verkefni framleiðanda sem settu allt í gang hjá sér og mokuðu þessum spilurum út og komu fyrir í hillum raftækjaverslana og kom í ljós að var ört vaxandi sala í, líkt og auglýsingarnar gáfur til kynna.

Hver ný kynslóð tækjanna var um leið svolítið endurbætt vegna aukins áhuga og krafna

kaupanda þar um út í bæ. Hljómurinn skipti orðið meira máli en áður. Allt vegna The Beatles sem ruddu þessu öllu saman braut, hvort sem einstaklingar þessir gerðu sér grein fyrir sjálfir eða ekki. Enda aukaatriði. Svona var Bítlaæðið líka. Það sem slíkt teygði sig lengra inn í samfélag fólksins en margur gerir sér grein fyrir og ekki er mikið talað um er þetta mál ber á góma.

Mynd til hægri. Tækið er af gerðinni Radioaret frá árinu 1945 og gekk fyrir rafhlöðum. Útvarpið gerði eigendum sínum og handhöfum möguleika á að hlusta á Ríkisútvarpið og Kanaútvarpið - eftir að það fór að senda til Íslendinga sitt útvarpsefni. Ekki ólík tæki og þetta sem hér sést af gerðinni "Normandi", náði nokkrum vinsældum á Íslandi á sjötta áratug seinustu aldar og þótti þægileg og einkum fyrir þær sakir að fá hlustað á útvarpið - Kanann - nánast hvar sem menn voru staddir og stöðin náðist.



The Beatles var aflagjafinn og vítamínið sem þurfti og hvatinn til að gera margt sem áður hafði svona legið í láginni. Allt umstangið í kringum þá sem og umfjöllun blaða, sjónvarps og útvarps og áhugi grúans gaf af sér allskonar hugmyndir sem út í samfélaginu sem að dæmi sé tekið jók sölu allskonar varning bæði hljómtækja og fatnaðar. Menntu fengu hugmyndir sem þeir stukku á og uppskáru oft á tíðum söluaukningu í eigin ranni

væri hugmyndin inn í þeim tíðaranda sem þá ríkti. Velta verslunarinnar jókst og á sumum stöðum verulega. Einn stétt er þó eftir sem verulega er hallað á, á þessum tíma. Hárskerarnir blessaðir sem biðu visst skipbrot. Þeir bara struku um skallanna og hörmuðu liðna tíð og þegar karlmenn komu reglulega við hjá þeim og létu snyrta hár sitt. Allt var þetta nú horfið frá stétt þessari sem gerði að verkum að hún æ oftast horfði á hurðarhúnninn spyrjandi sjálfa sig hvenær lyklinum væri snúið í skránni þeirri arna í síðasta sinn. Í meira að segja í stétt hárskera gætti áhrifa The Beatles, þó reyndar væri með neikvæðum hætti. "já en pabbi, af hverju má ég ekki vera með Bítlahár, þegar þú ert með Yul Brynner klippingu" er brandari sem blað eitt birti árið 1969.

Nóg um það.



Mynd til vinstri. Philips hefur lengi verið með þekktari vörumerkjum í heiminum er kemur að hljómtækjum og útvörpum. Lengi vel var Philips merkt ákveðnum gæðum og mikilli endingu tækja sem framleidd voru undir þessu merki. Ekki var óalgegn að útvarpstæki frá Philips væri í fínu standi á heimilunum eftir kannski tuttugu ára notkun. Hér sjáum við auglýsingu frá Philips og neðst á auglýsingunni Sterió merkið sem áréttað fyrir fólki að tæki frá þeim gefi Sterióhljóm af hljómplötum. Þróunin hefur lengi verið virk.

Kveiktur áhugi á plötukaupum og stór aukning þar gerði að verkum að æ fleiri eignast sinn plötuspilara. Og plötustafllinn

heima fyrir stækkar. Allt vegna þess að hljómtækjaframleiðendur tóku við sér og juku við framleiðslu sína og uppskáru meiri sölu og um leið aukinn hagnað fyrirtækisins. Til að fá bætt sitt þarf meiri pening sem kom með fleiri seldum tækjum sem að hluta til var notað í að auka rannsóknarvinnuna.

Útilokað var að framleiðendur veitti því ekki athygli hvað væri að gerast fyrir utan veggir fyrirtækisins og af hverju atgangurinn á götunum og fyrir utan plötubúðirnar stafaði. Jú og þeir kvektu á perunni og gerðu sitt klárt sín megin og mættu þörfinni utandyra. Að auka framleiðsluna á þessu andartaki var rökrétt framhald af ástandinu sem komið var upp. Það er að segja ætti að nýta bylgjuna til hin ýtrasta, eins og menn gera í heimi viðskiptanna og þau sumpart snúast um. Markaðurinn fyrir framleiðslu þeirra var opinn upp á gátt. Viska og þekking til að betrubæta vöruna og koma inn með nýja línu lá öll hjá þessum framleiðendum. Þeir höfðu fengið tromp í hendi. Verk forsvarmannanna var að sjá hvað sé að gerast úti á hinum gríðarstóra markaði og svara kallinu sem þaðan berst og hluti ferilsins og vera snöggur að. Þó aldrei sé neitt öruggt þar fyrir en er í hendi er kemur að sölu eins og annars.

Ákveðin staðreynd blasir við framleiðendum hljómtækja og aukning í sölu sem á ekki bar við um einhvern einn stað heldur teygir sig til flestra landa heims á tímum sem allt orðið snýst um hljómsveitir, gítara og trommur, hljómplötur - og auðvitað græjur til að hlusta á efnið í heima hjá sér. Allt á sömu spýttunni.

Hljómsveitir og einstaklingar með gítara og söngrodd spruttu upp liggur höfundi við að segja eins og gorkúlur - og líka hér uppi á Íslandi sem að því leiti til tók jafn hratt við sér og önnur lönd þegar kom að því að stofna nýja hljómsveit og stefna í framhaldinu á hljóðver með eigið frumsamda efni og útgáfu hljómplötu og freista með henni gæfunnar um að allt gangi upp og skilaði sínum hagnaði. Sem vitaskuld var vænst en allur gangur var á.

Mynd til hægri. Áður en hljóðverin komu til sögunar á Íslandi fóru mestallar tónlistarupptökur sem gerðar voru fram á Ríkisútvarpinu og unnar þar við að margra áliti frumstæðar aðstæður en samt nógu góðar til að nota á hljómplötu. Mörg af gömlu lögnum sem gengið hafa með þjóðinni áratugum saman urðu til í hljóðveri Ríkisútvarpsins sem áreiðanlega er merkileg saga að segja, tækju menn sig saman um að eiga frekar við það mál. Í auglýsingunni eru menn hvattir til að eignast nýjustu hljómplötu Sigurðar Ólafssonar söngvara og hestamanns.

Fyrir tíma Bítlanna var, heldur höfundur, óþekkt að íslendingar rækju sjálfstætt hljóðver og eini staðurinn sem hægt væri að fara í til slíkrar vinnu Ríkisútvarpið, sem virtist hafa tekið þessum mönnum opnum örmum og lokið upp hurðinni fyrir og er áhugavert að hugleiða. Allar, flestar alltént, þessar gömlu plötur sem en er verið að spila af á Ríkisútvarpinu og gengið með þjóðinni í áratugi voru teknar upp hjá Ríkisútvarpinu. Og allt beint. Sem merkir að hljómsveit í hljóðveri útvarpsins kom inn, stillti strengi og annað sem þurfti, og spilaði svo lagið í gegn í einni bunu eins og var á böllunum og útkoman látin duga, heppnaðist hún. Ef ekki var aftur talið í.

Engum blöðum er um það að fletta að Bítlatíminn sé hann sem menn fara að huga að hljóðversrekstri á Íslandi af einhverri alvöru. Þó lengi vel drægju þeir lappirnar í málinu kom að því að menn stígu út á þetta vatn og opnuðu sitt eigið hljóðver. Og létu þar með gamlan draum rætast um íslenskt alvöru hljóðver handa íslenskum tónlistarmönnum sem stæðist allar kröfur sem menn gerðu orðið um gæði slíks hljóðvers. Þó mörg ár líði frá því Bítlabylgjan hófst leikur engin vafi á að menn hafi oft rætt um gott íslenskt hljóðver og haft í frami ýmsar hugmynd um verkefnið þó af framkvæmd öll í málinu biði betri tíma. Enda dýrt að koma á legg fullbúnu hljóðveri og starfrækja í dægurlagaheimi íslenskum sem fráleitt veltir neinum ósköpum eins og víða þekktist út í hinum stóra heimi. Þarna hefur sem betur fer margt skánað talsvert.

222. blað. TÍMINN, föstudaginn 15. október 1954.

Frá Íslenskum tónum
SIGURÐUR ÓLAFSSON
 syngur



Fjallið eina
 Það er svo margt
 Svanurinn minn syngur
 Sprengisandur
 Kveldriður

Dægurlög:
 Kvöldkyrr
 Blíkandi haf
 Láti vin
 Meira fjör
 Hvar varstu í nótt?
 Komdu þjónn
 með kjarnaöli

Tryggjið ykkur plötur þessa vinsæla söngvara. Hljómplötur Íslenskra tóna

DRANGEY
 Laugavegi 58



Akai var ein tegundin sem til var og seld í landinu allavega um tíma. Hér er snældan, kassettan, komin til sögunnar fyrir nokkrum árum og menn að framleiða allskonar snældutæki til að spila í upptökur af snældum. Plötuútgefendur fóru sjálfir út í að gefa út efni á snældum meðfram hljómplötunni til að mæta með breytingum á hljómplötumarkaðnum. Sjálfur átti höfundur svona Akai kassetutæki eins og myndin er af sem hann verslaði sér út í Danmörku haustið 1972 er hann þá stundaði síldveiðar á mb Héðni ÞH sem landaði aflanum í Hirtshals þetta haust. Tækið átti hann í mörg ár og notaði mikið. Enda hreinn gæðagripur sem góð kaup voru í.

Hver íslendinga varð fyrstur til stíga skrefið og setja á fót hljóðver með

alvöru búnaði þekkir höfundur ekki en hyggur að hafi gerst um miðbik áttunda áratugar seinustu aldar norður á Akureyri. Áður en til þess kom fóru tónlistarmenn án undantekninga til útlanda vildu þeir hljóðrita efni eftir sig fyrir plötuútgáfu. Máski að ríkisútvarpið hafi ekki lengur uppfyllt kröfur sem komnar eru á þessum tíma um gæði og máski ekki haft nægan tækjabúnað til að taka upp í Steríó sem orðið var allsráðandi er nær dró árinu 1970. Enda sjálft að mestu leiti miðað við tal og að leika tónlist af hljómplötum, sem krefst annarskonar búnaðar en hljóðver.

Líklegt er að stúdíó það sem sett var á laggirnar 1974 norður á Akureyri í tengslum við Tónabúðina sé fyrta íslenska stúdíóið til að taka til starfa í þessu landi. Þetta hljóðver er ekki lengur starfrækt en starfaði samt í nokkur ár og jafnvel til ársins 1984. Þangað komu margir landsþekktir og hvaðanæva að af landinu. Flowers voru þarna 1968, Björgvin Halldórsson 1969, Ævintýri úr Hafnarfirði 1969, hljómsveitin Trúbrot, en þar varð til verkið " Lifun " með þeim og kom út 1971 og er að margra áliti tímamótaverk, Bjarki Tryggva 1973, og fleira af góðu fólki.

Mynd til hægri. Plötuspilari, líka nefndur grammófónn, með búnað til að spila margar plötur hverja á eftir annarri. Það kerfi var einnig til að mæta þörf sem menn komust að að væri meðal kaupenda. Þessi búnaður var lengi vel við lýði en meira þó notaður við notkun litlu hljómplatnanna, tveggja og fjögurra laga. Þetta kerfi var mis vinælt og þótti sumum að þessi aðferð færi illa með hljómplötturnar og rispuðu þær með því að stafla þeim svona hverri upp af annarri. Sem sjálfsagt er rétt. Að halda hljómplötu án allra rispa krafðist ákveðinnar umgengni sem menn voru mislagdir við.



Stúdíóið " Stúdíó Sýrland " opnar 1988 og er enn starfrækt, samkvæmt vitund höfundar, og var til að byrja með í tengslum við Stuðmenn, eða alltént menn þaðan. Enn sjáum við áhrif frá Bítlanum á tónlistarmenn og hvatninguna sem þá lá yfir öllu í bransanum um að gefa út eigið frumsamda efni sem ekki var venjan fyrir tíma Bítlanna en umbreytist eftir það og varð að reglu frekar en undantekningu og gildir enn í öllum aðalatriðum.

Vel má skilja að tónlistarmenn í þessu landi hafi litið íslenskt hljóðver sem ákveðna lausn fyrir sig og líka sparnað og þæginda að þurfa ekki að fara erlendis þessara erinda. Hinu er ekki að leynd að erfitt er að bera rekstur íslensks hljóðvers saman við stærri lönd þó að öll gæði standist. Auðvitað var mönnum þetta ljóst að reksturinn gæti farið á báða bóga. Þó margur í útlandinu yrði flugríkur af sinni tónlistariðju og plötuútgáfu gildi slíkt ekki hér. Flestir tónlistarmenn sem þá voru í starfi unnu meðfram sínum hljóðfæraleik aðra vinnu með til að hafa ofan í sig og á. Að reyna fyrir sér erlendis var ekki á þessum tíma nein sérstök happaleið íslenskum tónlistarmönnum og breytist ekki að ráði fyrr en með komu Sykurmolanna og á eftir Bjarkar Guðmundsdóttur.

Allt á þetta samt sínar rætur að rekja til ársins 1963 er The Beatles komu fram með fyrstu hljómplötu sína og öllu því dæmi lauk 1970 með tilkynningu Sir Paul McCartney um að Bítlarnir væru hættir að starfa saman. Samt lauk þessu ekki þarna. John Lennon hafði því lög

að mæla er hann sagði, vegna sjokksins sem greip heiminn með tilkynningu Sir Paul McCartney. Það sem John sagði var eitthvað á þá leið að fólk ætti bara að vera rólegt og að ekkert alvarlegt væri að gerast heldur væri bara ein rokkhljómsveit að hætta störfum og ekkert merkilegt. Og klykkti út með því að segja við menn að þeir gætu bara hlustað á plötur þeirra í staðinn. Sem og hefur verið gert æ síðan því að enn seljast hljómplötur The Beatles eins og heitar lummur. Höfundur sá einhversstaðar að heildarsala The Beatles á eigin hljómplötum væri um einn milljarður hljómplatna.



Mynd til vinstri. Fyrsta hljómplata The Beatles kom út 1963 og heitir eins og menn vita " Please Please Me. " Platan er sem sjá má gefin út í Mónó og er líklega einnig til í Steríó. Að gefa hljómplötu út í Mónó 1963 var ekki óalgegnu vegna þess að Steríó tæki voru fátíð á heimilum manna og það svona að ryðja sér til rúms með nýrri bylgju tækja. Alla vega vildu menn gefa fólki sinn valkost þarna og vera með bæði kerfin í gangi.


Ekki var óalgegnu í verslunum sem seldu hljómplötur hér heima að menn væru spurðir hvort þeir vildu hafa plötuna í Mónó eða Steríó. Margir svöruðu að þeim væri alveg sama, af því einu að vita ekki muninn. Hann kom seinna og menn hættu að spyrja hvort, og svo framvegis og fengu sína Steríó útgáfu verksins. Engum grunaði þá öll áhrifin sem platan og Bítlaæðið í kjölfarið ætti eftir að hafa á svo margt sem fyrir var og óx hraðbyri í

bylgjunni sem kom og birtist í allskonar betrubótum hljómtækja og einn fylgifyskur frægðar The Beatles. Við sjáum að margir græddu og ekki bara Bítlarnir. Um sumt er ekki mikið talað.

Já fólkið hélt áfram að hlusta á söngva The Beatles og ekki bara til að viðhalda góðri minningu heldur til heyra fagra söngva sem virðast ekki ganga sér á enda þrátt fyrir að rúm hálf öld sé liðin frá því að plata Bítlanna "Please Please Me" kom út. Svona vinna sönn gæði og gott handbragð. Þau bara endast út í hið óendanlega á meðan hrákasmíðin hverfur og með henni allt sem óvandaðra er.

Oft hefur verið sagt um Ísland að atburðir þar gerist þetta tíu til fimmtán árum á eftir öðrum löndum, sem sumpart er rétt en samt langt í frá að eiga við er kom að The Beatles og áhrifunum sem hljómsveitin olli á meðal krakka og unglinga í veröldinni. Varðandi þessi áhrif The Beatles standa Íslendingar algerlega jafnfætis öðrum þjóðum. Er kom að þeim voru engar tafir heimilar heldur stokkið báðum fótum á tækifærið og gripið um með báðum höndum til að öruggt væri að það slyppi ekki framhjá. Og hví að bíða þegar allt er hvort eð er innan seilingar? Ekki neitt svoleiðis var í boði hjá Bítlaóðum Íslendingi, sem var margur. Og það kom samstundis og menn Íslenskir með í öllu sem gerðist út í hinum stóra heimi. Stundum, maður minn, er hraðinn allt málið. Og hver getur orðið Bítlaóður fimmtán árum eftir að æðið hófst og fimm árum eftir að því lauk og allt um garð gengið og fjörið og galsinn farinn sinn veg og logn brostið á? Strax var því allt málið. Að vera með á toppi Bítlabylgjunnar var það sem gildi og ekkert minna heldur en það. Sem og varð.

The Beatles og plata þeirra "Let It Be" kom út árið 1970 og er samkvæmt sögunni þeirra síðasta plata. Þetta er þó ekki rétt heldur er hljómplatan "Abbey Road" síðasta verk The Beatles þó að hún kæmi út á undan "Let It Be." Sagan á bak við það mál er ágætlega kunn og hljóðar á þann veg að vegna ósættis sem komið var upp á milli þeirra varð ekkert af útgáfu þessarar hljómplötu og hún lögð til hliðar og er ástæðan fyrir að "Abbey Road" er gefin út á undan hinni. Báðar plöturnar eru ágætis verk þó höfundur taki "Abbey Road" fram yfir "Let It Be". Allt svona er þó smekkur fólks.



Krafa neytenda var aukin hljómgæði sem og í ranni hljómtækjaframleiðenda. Á því leikur engin vafi. Mörg tískumerki urðu til á þessum árum sem menn, kaupandinn,

státuðu af hjá sér og hældust af við aðra sem létu sér fátt um finnst. Enda sjálfur hændur að öðru merki. Og það var sko besta tegundin: "Svo vertu bara ekkert að gapa þetta." Sögðu menn. Sumir af þeim.



Mynd til vinstri. Spólusegulbandstæki. Þráðurinn sem spólan geymdi var til að taka upp hljóð og var byltingarkennd uppfinning er hún kom fram. Án þráðarins var öll hljóðversvinna útilokuð. Lengi vel notuðust hljóðverin svona þráð, breiðari reyndar, er þau hljóðrituðu efni hjá sér og geymdu á segulbandsspólum. Þó líklegt sé að annað form sé tekið við í dag af segulbandsspólunni dugði þráðurinn samt áratugum saman. Tækið sem sést á myndinni er frá árinu 1950 og er af gerðinni Grundig, sem var eitt merkjanna.

Hver kannast ekki við merki í hljómtækjadeildinni eins og Pioner, Akai, Philips, Telefunken, Sony, Crown og önnur álíka merki sem notuð voru til að leika efni af á hljómplötum,

segulböndum, spóluböndum, ekki snældur, þær ryðja sér til rúms síðar, hlustuðu á útvarp eða horfðu á sjónvarp. Sumir framleiðendur útbjuggu skápa undir vöru sína með útvarpi, plötuspilara, segulbandstæki, spólutæki þá, og jafnvel líka sjónvarpstæki í einum og sama skápnum. Þessir skápar voru talsverð smíði og á annan metri á lengd þeir stærstu. Um tíma var talsvert algengt að menn keyptu sér svona skápa og stilltu upp í stofunni hjá sér sem við það varð bara eitt stofuhúsgagnið til viðbótar öllum hinum. Enda hugsaðir í grunninn sem slíkir og voru talsvert í tísku á sjötta- og sjöunda áratug seinustu aldar og eitthvað fram á þann áttunda en byrjaðir að hopa af velliðum eftir 1970 og líklega með öllu horfnir 1980 og viknir fyrir nýrri línu, eins og þróunin kallar eftir. Nýja línan er talsvert fínlegri en þessir stóru og fyrirferðarmiklu skápar voru. Þar munar mestu um transistorinn sem tók yfir og ýtti lampatækjunum út. Sjálfur átti höfundur einn svona tækjaskáp um 1971-1972 sem honum minnir að hafi verið með þeim síðustu. Þessi skápur hafði plötuspilara og útvarp með möguleik til að koma fyrir spólusegulbandi. Neðst á skápnum voru tveir eða fjórir hátalarar. Og allt í sterió. Mann því miður ekki tegundina.

Mynd til hægri. Svona skápar voru ekki óalgengir á sjötta og sjöunda áratug seinustu aldar. Flestir voru komnir yfir hafið með fragtskipi eða togurunum og í eigu skipshafnarmeðlims sem verslaði græjuna í erlendri höfn, einkum Þýskri. Heilmikil mubla og stofustáss en samt barn síns tíma.

Talsvert var til af þessum skápum í landinu og líklega þó mest í húsi sjómennskunnar sem sigldi á skipum sínum til erlendra hafna og tók þetta með sér og greiddu af tolla eða smyglaði ósédum í land, sem var svona algengara að gerðist. Segjum bara hlutina eins og þeir eru. Þó var allur gangur á, sem einnig má koma fram.



Líkt og fram hefur komið að þá keppast framleiðendur við að betrubæta hljóm tækja sinna og að ná með þeim hætti forskoti á keppinautinn. Og í gang fór rosaleg samkeppni framleiðenda sem alla má rekja til fjögurra Breskra einstaklinga sem skipuðu hljómsveit sem fékk nafnið The Beatles og varð eitt allra stærsta vörumerki í öllum heiminum og er enn í dag (2015). Bítlaæðið varð talsvert meira en þessir fjórir ungu Bresku menn. Allt hitt sem af spratt opnaði öðrum ýmsa möguleika og bein afleiðing hins. Og það sem betra er, samkeppnin og þróunin í þessum tækjamálum snerti kaupandann með beinum hætti og birtist honum í stórlækkuðu verði þessara tækja. Það eitt og sér jók söluna og æ fleiri eignast sitt eintak af hljómtækjum til að spila og hlusta á Bítlaplötturnar og plötur hinna líka sem voru á markaðnum í þann tíð. Og allt í talsvert betrubættum hljómi þó verðlag allt á tækjunum færi lakkandi. Allt vegna þess að ákveðin staðall er kominn inn hjá neytendum sem ört vaxandi bylgja um gæði kallaði eftir og magnið í umferð lækkaði verðin á. Svona var líka Bítlaæðið.

Líka kom fram að tæki til að notast við til að heyra það sem hljómplötturnar innihéldu hafi fráleitt verið til á hverju heimili þegar Bítlarnir eru að stíga sín fyrstu skref inn á frægðarbrautina. Vöxtinn sem varð eftir komu The Beatles sáu framleiðendur og vissu að væri opin möguleiki fyrir þá að bæta í. Og betrubætt vara skilaði sér út á hljómtækja markaðinn sem öndvert jók ánægju hlustenda á að spila Bítlalögin í eigin græjum. Gerum ekki lítið úr þessu. Enda sannleikur.



Mynd til vinstri. Græja Tomas Alfa Edison uppfinningamanns og. Tækið er forveri upptökutækja. Með því náðist í fyrsta skipti að hljóðrita mannsrödd. Til er upptaka af tækinu þar sem Edison les sögu í merkilega góðum gæðum. Held að hann hafi talað í trektina sem á eftir eitthvað inn í kassanum sjálfum geymdi.

1963 er grammófóninn, eins og hann var þá kallaður meðfram plötuspilaranafninu, vissulega komin fram en fráleitt algeng eign á Íslandi árið 1963. Þegar Kaninn fyrst fer

að spila Bítlalög og við sem vorum þá krakkar og unglingar að grípa tónanna á lofti og upp úr þessu að sækja þangað sem hægt var að heyra meira, horfandi þá einkum á Kanaútvarpið en Ríkisútvarpið sem að okkar dómi spilaði full mikið af símfóníum í C, eins og sagt var, við litla hrifningu áheyrenda. Hana vildum við enda ekki heyra heldur hitt sem meira fútt var í. Og Bítlag er Bítlag sama hvernig tækið sem hlustað var á úr hljómaði. Fyrsta Bítlagið sem barst höfundi til eyrna var úr ferðaútvarpstæki vart stærra en lófi hans er í dag. En nokkuð var um þau í þann tíð og sum íklædd svartri leðurtösku til hlífðar. Sumir muna eftir þeim.

Mynd til hægri. 1965 auglýsir Telefunken allskonar tæki til sölu. Við sumt á myndinni kannast menn og höfðu mögulega inn á sínu heimili á þessu árabili. Hér eru Bítlarnir komnir á sitt flug en enn ekki náð hæstu hæðum og framleiðendur hljómtækja svona að komast í girinn og búnir að taka við sér hvað sína hljómtækja framleiðslu og stefnu varðar til að fá mætt tíðarandnaum sem skyndilega elskaði hljómplötuna með öllum söngvunum á meira flestu öðru sem samtíminn bauð þeim þá.

Sett fram til að gleðja og vonandi einnig fróðleiks.
Gert 19 júní 2015
Kveðja: KRF.